

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Vörðuás 7 L175223 og 9 L175191.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi fristundasvæðis að Úthlíð í Bláskógabyggð nr. 2858 frá 1993. Í breytingunni felst að lóðarmörk Vörðuáss 7 og 9 breytast með þeim hætti að lóð Vörðuáss 7 minnkar og lóð Vörðuáss 9 stækkar. Afmörkun byggingarreits á lóð Vörðuáss 9 breytist í samræmi við stækkun lóðar og eykst byggingarmagn á lóð úr 490 m² í 590 m².

Skipulagsskilmálar gildandi deiliskipulags haldast að öðru leyti óbreyttir.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. apríl 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Stakksárhlíð 1 L217504, 2 L217505, 7 L217510 og 8 L217511.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi skilmálum deiliskipulags fristundabyggðar við Stakksárhlíð í landi Múla. Í breytingunni felst að byggingarheimild fyrir útihús er stækkuð úr 25 m² í 40 m².

Aðrir skilmálar í deiliskipulagi frá 2005 haldast óbreyttir.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Brekka lóð L167216 (Miðbraut 7) og Miðbraut 8 L186097.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi Miðbrautar í landi Brekku. Breytingin nær til lóða Miðbrautar 7 og 8 og felur í sér að stærð Miðbrautar 8 stækkar á kostnað Miðbrautar 7. Stígur sem er á mörkum lóðanna hliðrast sem nemur tilfærslu á lóðamörkum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. júlí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.